

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2019, miðvikudagur 24. apríl var haldinn 353. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:11 í Borgartúni 12-14, Reykjavík. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Hjálmar Sveinsson, Alexandra Briem, Egill Þór Jónsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Kolbrún Baldursdóttir. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Regína Ásvaldsdóttir, Dís Sigurgeirsdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Kristjana Gunnarsdóttir, Agnes Sif Andrésdóttir og Elínrós Hjartardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á niðurstöðum stýrihóps í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir 2019-2025.

Fanney Magnadóttir og Þór Gíslason taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer kynning á starfinu á velferðarsviði milli funda velferðarráðs.
3. Lögð fram tillaga sviðsstjóra, dags. 24. apríl 2019, um heimild til notkunar á eigin matarílátum á Vitatorgi:

Lagt er til að þeim sem óski þess verði boðið að koma með eigin ílát og setji mat í það sjálf í mótuneyti velferðarsviðs á Vitatorgi. Jafnframt verði boðið upp á kaup á umhverfisvænum einnota umbúðum fyrir 100 kr. Um tilraun verður að ræða sem hefst þann 1. maí nk. og stendur til 30. nóvember 2019. Verkefnið rúmast innan fjárhagsramma.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan er dregin til baka.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra, dags. 24. apríl 2019, vegna erindis Nýs Takmarks, dags. 28. nóvember 2018, um leigu á húsnæði nálægt Barónsstíg 13.

Velferðarráð leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að velferðarsvið taki upp viðræður við samtökin Nýtt takmark um mögulegar lausnir í húsnæðismálum vegna stækkunar áfangahæðisins.

5. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um gjaldfrjáls námsgögn í framhaldsskólum, sbr. 15. lið fundargerðar velferðarráðs, þann 25. september 2018.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillögunni er vísað frá. Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna og Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir taka undir umsögn velferðarsviðs um tillögu ungmennaráðs Kjalarness um að gera námsgögn ungmenna í framhaldsskólum á aldrinum 16-18 ára gjaldfrjáls. Málefni framhaldsskóla eru á forræði ríkisins, því er ákvörðun um gjaldfrjáls námsgögn til handa framhaldsskólanemum tekin á þeim vettvangi. Reykjavíkurborg býður nú þegar upp á fjárhagslega aðstoð fyrir fjölskyldur með lágar tekjur til kaupa á námsgögnum fyrir 16-17 ára ungmenni. Fulltrúarnir skora á ríkið til að fara að fordæmi margra sveitarfélaga og gera námsgögn í framhaldsskólum gjaldfrjáls á sama hátt og borgin hefur nú þegar gert í grunnskólum borgarinnar. Fulltrúarnir fela einnig fulltrúa sínum á Velferðarvaktinni að koma þessari tillögu inn á borð þar til umræðu.

6. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Flokks fólksins um að setja á laggirnar vinnuhóp um þróun félagsmiðstöðva aldraðra, sbr. 8. lið fundargerðar velferðarráðs þann 3. apríl 2019.

Samþykkt.

Velferðarráð felur sviðsstjóra velferðarsviðs að útbúa erindisbréf fyrir starfshóp til undirbúnings fyrir stefnumótun um þróun félagsmiðstöðva eldri borgara.

7. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Flokks fólksins um gerð upplýsingabæklings, sbr. 9 lið fundargerðar velferðarráðs þann 3. apríl 2019.

Tillagan er dregin til baka.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins er sáttur við að draga tillögu um gerð upplýsingabæklings til baka þar sem vegna misskilnings var sama tillaga lögð fram í borgarráði 11. apríl sl.

8. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Flokks fólksins um að umsóknarferli um fjárhagsaðstoð verði einfaldað, sbr. 10. lið fundargerðar velferðarráðs, þann 3. apríl 2019.

Tillögu vísað frá með 4 atkvæðum gegn 1. Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins fagnar allri einföldun á þessu ferli. Hins vegar þegar lítið er á ferlið og allar þær upplýsingar sem fólk er krafist um er ekki betur séð en að bæði mætti einfalda ferlið enn frekar og takmarka upplýsingar sem óskað er eftir. Stundum er verið að spyrja um hluti sem í raun koma kannski umsókn um fjárhagsaðstoð lítið við. Ahersla á þetta rafræna er góð en hafa þarf í huga þann hóp sem ekki notar rafrænar leiðir og hyggst ekki gera. Til þessa hóps þarf að koma upplýsingum og taka á móti upplýsingum í tengslum við umsókn. Rafræn áhersla er orðin svo rík í vitund margra að hætta er á að gleyma þeim sem eru jafnvel einungis með heimasíma og póstkassa. Í ferlinu þarf að ríkja sveigjanleiki á öllum stigum og sýna þarf fólki í sérstökum aðstæðum umburðarlyndi. Nægja ætti að sýna fram á útborgaðar tekjur og föst útgjöld svo sem leigu, rafmagn, lán, tryggingar og þess háttar. Horfa ætti á það sem eftir stendur þegar búið er að greiða alla reikninga. Tekið er mið af fjölskyldustærð og barnafjölda en miða ætti í öllum tilfellum við framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara. Afgreiðsla umsóknar ætti ekki að taka meira en viku að jafnaði.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillaga af svipuðum meiði og tillaga Flokks fólksins var samþykkt í Borgarráði í október 2016 og ítrekað 2017 og 2018. Starfsmenn velferðarsviðs og Rafrænnar þjónustumiðstöðvar hafa unnið ötullega eftir tillögunni og nú hyllir undir lok þeirrar vinnu. Ráðgert er að í júní á þessu ári verði endurskoðun umsóknarferlis fjárhagsaðstoðar lokið og að íbúar Reykjavíkurborgar muni upplifa mun einfaldara ferli, hvort sem sótt er um með rafrænum eða skriflegum hætti.

9. Lögð fram skýrsla vegna úttektar á starfsemi TINNU frá árinu 2016 til 2018.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Úttektin kemur vel út og er verkefnið einstakt fyrir margar sakir, m.a. þær að unnið er á forsendum einstaklinganna og barnanna. Á tveggja ára tímabili var 79 börnum hjálpað og það er frábært. Við skoðun skýrslunnar um úttekt má hins vegar sjá að

smávegis óreiða einkenndi verkefni sem ætti að vera hægt að bæta úr með auðveldum hætti. Ákveðnar kröfur voru gerðar til verkefnisins alls 57 og eru aðeins 33 liðir uppfylltir að fullu og 21 að hluta. Þessi útkoma mætti án efa vera betri. Annað sem tekið er eftir er að þær kröfur sem ekki eru uppfylltar varða forvarnir og úrbætur við frávikum í framkvæmd TINNU, þættir sem telja má vera afar mikilvæga. Notast er við ákveðna matslista við tilvísun og mat á árangri. Spyrja má hvort þeir listar séu þeir hentugustu á markaðinum til að uppfylla það hlutverk sem þeim er ætlað? Fram hefur komið í skýrslunni að einhverjir þátttakendur hafi átt erfitt með að skilja spurningar matslista. Síðustu ár hafa bæst við fleiri kvarðar af svipuðum toga sem mætti skoða að nota frekar til að meta klínískan vanda.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Verkefnið TINNA með það markmið að veita einstæðum foreldrum með langvarandi félagslegan vanda og börnum þeirra hjálp til sjálfshjálpar og koma í veg fyrir fátækt barna er til fyrirmyndar. Þverfagleg vinna og eftirfylgni starfsmanna verkefnisins hefur skilað góðum árangri samkvæmt niðurstöðum skýrslu um úttekt á starfsemi 2016-2018. Von er um að hægt verði að útvíkka starfsemi Tinnu og hugmyndafræðina í fleiri hverfi skref fyrir skref, en í dag er einskorðast tilraunaverkefnið við Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er leitun að betri eða áhrifaríkari velferðarverkefnum en TINNU, en þarna er um gífurlega öflugt forvarnastarf og valdeflingarstarf að ræða. Fulltrúar fagna þessum mikla árangri og lýsa eindregnum vilja sínum til að útfæra þessa hugmyndafræði á víðari grundvelli að unninni nauðsynlegri undirbúningsvinnu og samkomulagi við ríkið.

Erla Björg Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Lögð fram tillaga fulltrúa Flokks fólksins um útvíkkun TINNU verkefnisins sem lagt var fyrir á borgarráðsfundi þann 28. mars 2019, ásamt minnisblaði sviðsstjóra, dags. 24. apríl 2019:

Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti leiða til að hefja starfsemi TINNU verkefnis, sem er á vegum þjónustumiðstöðvar Breiðholts í fleiri hverfum borgarinnar. TINNA verkefnið hefur hjálpað einstæðum foreldrum til betra lífs og tekist að ná upp virkni einstaklinganna sem farið hafa í gegnum það ferli. Ekki einvörðungu hefur tekist að styrkja sjálfa foreldrana í þáttöku í samfélaginu heldur einnig í umgengi við börnin sín og jafnframt að börnin sjálf öðlast meiri lífsgæði í uppeldi sínu. Verkefnið er einstakt sem sýnir og sannar að svo ekki verði um villst að aðstoð sem þessi styrkir ekki bara einstaklingana sem taka þátt í því heldur samfélagið sem heild. Verkefni sem þetta sparar jafnframt opinbert fé þegar til lengri tíma er litið. TINNA er verkefni á vegum velferðarsviðs með styrk frá velferðarráðuneytinu og var tekin ákvörðun um að hefja tilraun með TINNU í Breiðholtinu. Hvetur því Flokkur fólksins borgaryfirvöld til að leita leið á næstu misserum að útvíkka hugmyndafræði TINNU og koma því á laggirnar í fleiri hverfum borgarinnar og þá í samvinnu við þjónustumiðstöðvar annarra hverfa.

Tillögunni er vísað frá. Fulltrúi Flokks fólksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

TINNU verkefnið er verkefni sem mikilvægt er að opna fyrir fleiri. Nýlega var gerð úttekt á verkefninu í Breiðholti og samkvæmt niðurstöðum þarf að laga eitt og annað og vonandi verður það gert hið fyrsta. Verkefnið hefur hjálpað börnum einstæðra foreldra til betra lífs og tekist að ná upp virkni einstaklinganna sem farið hafa í gegnum það ferli. Borgarfulltrúi leggur mikla áherslu á að veitt verði hið

fyrsta fjármagni í að koma þessu verkefni í þeirri mynd sem það er í Breiðholti í gang víðar í borginni þannig að aðgengi að því verði auðveldara fyrir fleiri einstæða foreldra og börn þeirra. Aðstoð við einstæða foreldra og þá sem eru í efnahagsþrengingum ætti að vera sett í algeran forgang í borginni. Það eru of fá verkefni í borginni sem eru klæðskerasniðin fyrir hvern og einn eins og þetta verkefni er. Þessi nálgun sem einkennir TINNU verkefnið byggir á manngæsku og mannréttindum og verkefnum sem byggð eru á slíkri nálgun mætti fjölga til muna.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflökks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Sú stefna að innleiða TINNU verkefnið í hverfi borgarinnar hefur þegar verið samþykkt. Bókanir ráðsins frá 2016 og samþykktir 2017 og 2018 sýna það. Nú þegar úttekt á Tinnu í Breiðholti er lokið er mikilvægt að nýta lærdóminn sem fengist hefur til áframhaldandi samstarfs við ríkið um stuðning við þennan mikilvæga hóp. Velferðarráð felur Velferðarsviði að koma með tillögur að fyrirkomulagi og fjámögnun fyrir fjárhagsáætlanagerð 2019.

Erla Björg Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Fram fer kynning á drögum að fimm ára fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árin 2020 til 2024.
12. Lagt fram bréf umboðsmanns borgarbúa, dags. 1. mars 2019, vegna umsóknar um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þau rök sem eru notuð til að synja aðila um fjárhagsaðstoð vegna þess að hann stundi lánshæft nám finnst borgarfulltrúa Flokks fólksins ekki halda. Eigi viðkomandi ekki rétt á láni jafnvel þótt hann sé í lánshæfu námi segir það sig sjálft að möguleikar hans til náms eru verulega takamarkaðir ef nokkrir. Í þessu tilfalli verður viðkomandi að eiga þess kost að sækja um fjárhagsaðstoð og fara í sérstakt mat. Nám er eins og hver önnur vinna. Reykjavíkurborg má gæta að sér að vera aldrei letjandi ef áhugi er fyrir námi og í þessu tilfalli þarf að breyta reglum um fjárhagsaðstoð til að mæta þessum hópi sem vísað er í bréfi umboðsmanns borgarbúa. Nám leiðir til, eins og allir vita, aukinna möguleika á að fá vinnu og oftast er það þannig að þeir sem hafa nám að baki fá hærri laun en ella.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna áréttu að mikilvægt er að bregðast við þeim ábendingum sem koma fram í bréfi umboðsmanns borgarbúa dags. 1. mars 2019. Ábendingar um nauðsyn þess að fram fari mat á aðstæðum verða teknar til greina í yfirstandandi vinnu um endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

13. Lagður fram samningur Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, ásamt minnisblaði sviðsstjóra dags. 24. mars 2019.

Samþykkt að vísa í borgarráð.

Snjólaug Sigurjónsdóttir, Maja Loncar og Edda Ólafsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

14. Lagðar fram lykiltölur velferðarsviðs, dags. 8. apríl 2019, fyrir tímabilið janúar til febrúar 2019.
15. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn vegna Gistiskýlisins:

Í fréttum í síðustu viku kom í liós að einstaklingar hafi fengið leyfi til að sprauta sig í gistiskýlinu enda bótt það sé bannað og að þar sé ekki rekið formlegt nevslurými sem borgarfulltrúi Flokks fólksins veit að þörf er á. Staðfest hefur verið að í gistiskýlinu hafa einstaklingar getað sprautað sig á staðnum þótt það sé skýrt í reglugerð um gistiskýlið að öll neysla sé bönnuð. Í gistiskýlinu hangir á vegg (eða hékk) miði þar sem á stóð: „Í skaðminnkandi tilgangi er horft fram hjá því að einstaklingar sprauti sig í gistiskýlinu“ Hangir þessi miði enn á vegg í gistiskýlinu? Er það enn í boði að einstaklingar sprauti sig í gistiskýlinu þrátt fyrir að það sé bannað að neyta vímuefna þar? Var haft samráð við allt starfsfólk um leyfa einstaklingum að sprauta sig í gistiskýlinu í skaðminnkandi tilgangi þrátt fyrir að það væri bannað? Og ef svo var, var starfsfólk sátt við að vinna undir þessum kringumstæðum? Hefur verið gerð viðbragðsáætlun í tilfellum ef einstaklingur myndi ofneyta og fara t.d. í hjartastopp sem starfsmenn hafa fengið þjálfun í að fylgja? Hefur verið gengið frá samkomulagi við heilbrigðisstarfsmann sem hægt er að kalla út ef í neyðartilfelli? Hefur verið rætt um ábyrgð við starfsfólk ef dauðsfall yrði eða verður á staðnum sem tengdist leyfi að sprauta sig án þess að nauðsynleg heilbrigðisþjónusta væri til staðar? Hver hefði borið ábyrgð ef dauðsfall hefði orðið í gistiskýlinu í kjölfar þess að einstaklingur sprautar sig í æð og lætur lífið vegna ofneyslu? Hefur aldrei verið rætt um að breyta reglunum í þá átt að það sé leyft að sprauta sig „í skaðminnkandi tilgangi“ Ef leyfa á einstaklingum að sprauta sig í gistiskýlinu stendur til að breyta reglum gistiskýlisins í samræmi við það?

16. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn er varðar svör formanns velferðarráðs í tengslum við mál Gistiskýlisins í fjölmiðlum:

Fram kom hjá formanni velferðarráðs í fréttum að starfsfólk hafi fundið upp á að leyfa einstaklingum að sprauta sig í skaðminnkandi tilgangi. Er þetta rétt? Fram kom í máli formannsins að starfsfólk sé búið að krefjast þess að þessu sé hætt í allan vetur. Er það rétt? Er rétt að starfsfólki sé enn gert skylt að annast neyslubjónustu samkvæmt „leiðbeiningablaði“ jafnvel þótt það sé jafnvel ekki sátt við það? Á RUV segir formaðurinn eftirfarandi; „Það eru engin nevslurými í Gistiskýlinu, bara rými til neyslu“ Hvað er átt við hér?

17. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að reglum um fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg verði breytt þannig að þeir námsmenn sem ekki eiga rétt námsláni (af einhverjum orsökum) jafnvel þótt þeir stundi lánshæft nám geti sótt um fjárhagsaðstoð og fari í kjölfarið í sérstakt mat. Vísað er í greinargerð umboðsmanns borgarbúa í máli nemanda sem synjað var um fjárhagsaðstoð á þeim rökum einum að hann stundaði nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Viðkomandi, af öðrum ástæðum, uppfyllti ekki skilyrði til að eiga rétt á námsláni, segir í greinargerð umboðsmannsins og vill borgarfulltrúi Flokks fólksins taka undir að „fyrir liggur að möguleikar viðkomandi á því að stunda nám í þeim mæli sem reglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna áskilja eru verulega takmarkaðir og fær viðkomandi því ekki notið þeirra réttinda sem í því felast að stunda lánshæft nám.“ Hér er því um réttlætismál að ræða og sem, ef breytt yrði með þessum hætti, er líklegt til að stuðla að frekari jöfnuði.

Fundi slitið kl. 16:53

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður (sign)

Alexandra Briem (sign)
Hjálmar Sveinsson (sign)
Kolbrún Baldursdóttir (sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (sign)
Sanna Magdalena Mörtudóttir (sign)
Egill Þór Jónsson (sign)